



Aðgerðir gegn peningabætti

og fjármögnun hryðjuverka

Alþjóðlegar þvingunar-
aðgerðir

ÞVINGUNARAÐGERÐIR

Hvað eru þvingunaraðgerðir?

Þvingunaraðgerðir eru alþjóðlegar ráðstafanir sem hafa það að markmiði að viðhalda friði og öryggi í heiminum og tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

TEGUNDIR ÞVINGUNARAÐGERÐA

Almennt um þvingunaraðgerðir

Fjallað er um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða í lögum nr. 93/2008. Þvingunaraðgerðir eru takmarkanir eða hömlur sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnanir eða eftir atvikum einstök ríki eða ríkjahópar kveða á um. Þvingunaraðgerðir geta m.a. falist í því að:

- Þvinga ríki, eða einstaklinga í tilteknum ríkjum, til að breyta háttsemi sinni.
- Hefta aðgang aðila að auðlindum sem nauðsynlegar eru til að halda til streitu óæskilegri háttsemi, m.a. fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna.
- Sýna vanþóknun, útskúfa og mögulega einangra ríki eða einstaklinga.

Þá er sérstaklega fjallað um frystingu fjármuna, skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir og útbreiðslu og fjármögnun geryðingarvopna í lögum nr. 64/2019 um sama efni (hér eftir lög um frystingu fjármuna).

Tegundir þvingunaraðgerða

Þær þvingunaraðgerðir sem unnt er að beita eru:

- Bann við viðskiptum og fjárfestingum.
- Bann við inn- og útflutningi, þ.m.t. á vopnum.
- Frystingu á fjármunum og öðrum eignum.
- Bann við samskiptum, þar á meðal fjar-skiptum og menningarsamskiptum.

- Bann við ferðum einstaklinga og farartækja.
- Bann við að veita þjónustu og þjálfun.
- Bann við að veita efnahagsaðstoð og tækni-lega aðstoð.
- Bann við starfsemi og þátttöku í atvinnulífi.
- Aðrar hliðstæðar aðgerðir sem ákveðnar eru til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

Helstu tegundir þvingunaraðgerða sem Ísland hefur innleitt eru landgöngubann, vopnasölbann og fjárhagslegar þvingunaraðgerðir á borð við frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs. Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart á þriðja tug ríkja auk hryðjuverkasamtaka og í tengslum við takmörkun á útbreiðslu efnavopna.

Innleiðing þvingunaraðgerða í íslenskan rétt

Samstaða ríkja er grundvallarforsenda þess að þvingunaraðgerðir nái því markmiði sem stefnt er að. Í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar innleiðir Ísland ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og aðrar þvingunaraðgerðir sem ákveðnar eru af alþjóðastofnunum eða ríkjahópum t.a.m. Evrópusambandinu.

Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og viðaukar (listar) þeirra eru innleiddir á Íslandi með stoð í 2. og 3. gr. laga um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Innleiðing fer þannig fram að haft er samráð við utanríkismálanefnd Alþingis og í



INNLEIÐING

Hverjir sæta þvingunaraðgerðum?

Þeir aðilar sem sæta þvingunaraðgerðum eru nafngreindir á sérstökum listum sem alla jafna eru birtir í viðaukum við viðkomandi þvingunaraðgerðir sem innleiddar eru með reglugerð ráðherra.

INNLEIÐING ÞVINGUNARAÐGERÐA

kjölfarið eru þvingunaraðgerðir teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra. Í reglugerðinni kemur fram hvaða ályktun er um að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast.

Til að tryggja tafarlausa innleiðingu er heimild í 3. mgr. 4. gr. til þess að innleiða lista yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða með því að:

- Birta erlendan frumtexta listans í B-deild Stjórnartíðinda.
- Vísa til hans á vefsetri öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
- Birta hann á vefsetri utanríkisráðuneytisins og telst það lögmæt birting.

Vakin er athygli á því að breytingar á listum sem innleiddir hafa verið með framangreindum hætti taka gildi hér á landi um leið og breyttir listar eru birtir á vefsvæði viðeigandi alþjóðastofnana eða ríkjasambanda.

Dæmi um framangreint má nefna reglugerð nr. 843/2017 um þvingunaraðgerðir gegn Íran en í 2. gr. reglugerðarinnar segir:

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á frummáli og/eða til þeirra er vísað á vefjum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópu-

sambandsins, eftir því sem við á. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Hvar er hægt að finna reglugerðir og lista yfir þvingunaraðgerðir?

Heildstætt yfirlit yfir þvingunaraðgerðir sem Ísland hefur innleitt er birt á vefsíðu utanríkisráðuneytisins:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/lagamal/thvingunaradgerdir>

Þvingunaraðgerðir sem hafa verið ákveðnar af Sameinuðu þjóðunum eru birtar á vefsíðu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna:

<https://www.un.org/sc/suborg/en/sanctions/information>

Evrópusambandið heldur úti vefsetri þar sem aðgengileg er handhæg leitarvél sem býður upp á uppfléttingu í listum yfir þvingunaraðgerðir eftir nafni skráðs aðila. Komi aðili upp í leit þar eru allar líkur á því að viðkomandi sé einnig á lista yfir þvingunaraðgerðir sem innleiddar hafa verið á Íslandi. Til að ganga úr skugga um slíkt er hægt að fara í íslensku reglugerðina og kanna málið eða hafa samband við utanríkisráðuneytið eða eftirlitsaðila.

<https://www.sanctionsmap.eu/#/main>



Hverjir þurfa að hlíta lögum um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir?

Hvað varðar alþjóðlegar þvingunaraðgerðir þá er um að ræða skyldur sem ná til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu, en mæla að auki fyrir um refsí- ábyrgð íslenskra ríkisborgara fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Sömu skyldur hvíla á lögaðilum sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Ef lögaðili er skráður eða stofnaður erlendis taka lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún á sér stað innan íslenskrar lögsögu.

SKYLDUR VEGNA ÞVINGUNARAÐGERÐA

Hverjar eru skyldurnar?

Öllum er skylt að tryggja að þær þvingunar- aðgerðir sem innleiddar hafa verið á Íslandi nái fram að ganga. Það fer eftir viðkomandi þvingunaraðgerð hverjar skyldurnar eru hverju sinni. Þær geta t.d. falist í því að:

- Eiga ekki í viðskiptasambandi eða menn- ingarsamskiptum við einstaklinga, hópa eða ríki.
- Tryggja að skráðir einstaklingar komi ekki til landsins. Skylda sem hvílir fyrst og fremst á þeim sem bjóða upp á samgöngur til Íslands.
- Veita ekki þjónustu, þjálfun, efnahags- aðstoð eða tæknilega aðstoð.
- Frysta fjármuni og efnahagslegan auð.

Tilkynningarskylda

Almenn tilkynningarskylda, á grundvelli þeirra þvingunaraðgerða sem hafa verið innleiddar hér á landi, hvílir á öllum þeim sem ber að hlíta lögum um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.

Í tilkynningarskyldunni felst að veita skal þar til bærum stjórnvöldum, t.d. utanríkisráð- neytnu, Fjármálaeftirlitinu, ríkisskattstjóra eða ríkislögreglustjóra, án tafar allar upplýsingar sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fram-

fylgja þeim þvingunaraðgerðum sem gilda hér á landi. Allar upplýsingar sem eru látnar í té eða veitt viðtaka á grundvelli framangreinds, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í þeim sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

Hvert á að senda tilkynningar?

Tilkynningar um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og aðrar upplýsingar sem tengjast framkvæmd laga um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og frystingu fjármuna skulu, eftir því sem við á, sendar til:

- Utanríkisráðuneytisins á netfangið postur@mfa.is
- Fjármálaeftirlitsins á netfangið fme@fme.is
- Ríkisskattstjóra á netfangið
- peningatvaetti@rsk.is
- Ríkislögreglustjóra á netfangið info@rls.is

Taka skal fram í efnislinu pósta sem sendir eru af ofangreindu tilefni að um póst vegna „alþjóðlegra þvingunaraðgerða“ sé að ræða.

Sérstök skylda tilkynningarskyldra aðila

Sérstök skylda hvílir á tilkynningarskyldum aðilum samkvæmt 7. gr. laga um frystingu fjármuna. Tilkynningarskyldum aðilum sem falla undir a-h lið 2. gr. laga um aðgerðir gegn pen-



Hverjir eru tilkynningarskyldir aðilar?

Tilkynningarskyldir aðilar eru þeir sem eru taldir upp í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þetta eru meðal annars: Fjármálafyrirtæki, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir, váttryggingamiðlarar og váttryggingaumboðsmenn, þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum áhættu- og söfnunartengdum tryggingum, lögmansstofur, lögmenn og aðrir sérfræðingar, þegar þeir bjóða upp á tiltekna þjónustu, endurskoðunar-fyrirtæki, endurskoðendur, skattaráðgjafar og aðilar sem færa bókhald eða sinna bókhaldsþjónustu fyrir þriðja aðila gegn gjaldi, fasteignasölur og fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar, leigumiðlarar þegar mánaðarlegar leigugreiðslur nema 10.000 evrum eða meira, aðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, aðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérлага, greiðslustofnanir, rafeyrisskýp, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla, gjaldeyrisskiptastöðvar með nánar tilgreindum undantekningum, þjónustuveitendur stafrænna veskja og einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé (umfram 10.000 evrur), hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri en undir það falla m.a. bílasalar, uppboðshús og seljendur eðalmálma og -steina.

ingabætti og fjármögnun hryðjuverka er skylt að hafa viðeigandi eftirlitskerfi til að meta hvort að viðskiptamenn þeirra séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Með eftirlitskerfi er átt við tölvukerfi eða gagnagrunn sem sækir ávallt nýjustu upplýsingarnar um þá sem eru á listum yfir þvingunaraðgerðir. Þeir aðilar sem hér falla undir eru aðilar á fjármálamarkaði og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Ástæðan fyrir því að skyldan er afmörkuð við þessa tilteknu aðila er sú að starfsemi þeirra er með þeim hætti að meiri líkur eru á að viðkomandi aðilar séu með viðskiptavini sem kunna að vera á umræddum listum yfir þvingunaraðgerðir. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá kröfu um eftirlitskerfi sýni tilkynningarskyldur aðili fram á að markmiði laganna verði náð með því að innleiddir verði ferlar og aðferðir.

Öðrum tilkynningarskyldum aðilum en að framan greinir er skylt að innleiða hjá sér ferla og aðferðir til að meta hvort viðskiptamenn þeirra séu á listum yfir þvingunaraðgerðir.

Þetta getur t.d. verið hluti af verkferli við mat á áreiðanleika viðskiptamanns þar sem aðila, einstaklingi eða lögaðila, er flett upp í lista yfir þvingunaraðgerðir ef uppi eru réttmætar ástæður til ætla að viðkomandi aðili sæti þvingunaraðgerðum.

Þagnarskylda

Í lögum um frýstingu fjármuna kemur fram að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstaðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá dómsmáli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.



Hvað er frysting fjármuna?

Frysting fjármuna er þvingunaraðgerð sem felst í því að hverjum þeim sem hefur í fórum sínum fjármuni eða annars konar efnahagslegan auð í eigu aðilans sem þvingunaraðgerðin beinist gegn, ber að frysta fjármuni og auð viðkomandi án tafar.

FRYSTING FJÁRMUNA**Frysting fjármuna**

Liggi fyrir staðfesting eða réttmætur grunur um að aðili sé skráður á lista yfir þvingunaraðgerð sem kveður á um frystingu, er þeim sem eiga í viðskiptum við viðkomandi, hafa tekið við fjármunum eða bera ábyrgð á eignaskráningu skyllt að:

- Frysta fjármuni og efnahagslegan auð og koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutninga, svo sem afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslur, eignaskráningu sem og önnur viðskipti.
- Tilkynna án tafar um frystinguna til utanríkisráðuneytisins.
- Tilkynna án tafar um frystinguna til viðeigandi eftirlitsaðila, Fjármálaeftirlitsins eða ríkisskattstjóra ef um er að ræða tilkynningarskylda aðila.
- Varsla frysta fjármuni eða efnahagslegan auð nema ráðherra gefi fyrirmæli um annað.
- Ekki gera frystar eignir eða fjármuni aðgengilega skráðum aðila nema að fenginni undanþágu skv. 5. gr. laga um frystingu.

Frysting fjármuna felur í sér að koma í veg fyrir hvers konar flutning, millifærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað

eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. með eignastýringu. Frysting efnahagslegs auðs felur í sér að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. með sölu, leigu eða veðsetningu. Frysting fjármuna og efnahagslegs auðs felur ekki í sér breytingu á eignarhaldi viðkomandi eigna.

Þegar fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur nær ráðstöfunin skv. lögum um frystingu fjármuna til fjármuna og efnahagslegs auðs:

- sem í heild eða að hluta, beint eða óbeint, tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir,
- sem stafar frá og/eða verður til vegna fjármuna og efnahagslegs auðs sem í heild eða að hluta, beint eða óbeint, tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir,
- aðila sem koma fram fyrir hönd aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Vanræksla á að uppfylla skyldur samkvæmt lögum um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir eða lögum um frystingu fjármuna getur varðað viðurlögum, m.a. í formi sekta, dagsekta eða stjórnvaldssekta.



Frysting nær til fjármuna og auðs í eigu og undir yfirráðum skráðs aðila

Mæli þvingunaraðgerð fyrir um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs ber að frysta eignir sem eru í eigu skráðs aðila og eignir sem hann hefur yfirráð yfir, hvort heldur sem þau yfirráð eru með beinum eða óbeinum hætti.

FJÁRMUNIR OG EFNAHAGSLEGUR AUÐUR

Hvað eru fjármunir og efnahagslegur auður?

Undir hugtakið fjármunir falla hvers kyns fjáreignir og ágóði þ.m.t:

- Reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar.
- Inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum aðilum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar.
- Skráð og óskráð verðbréf og skuldagerningar sem verslað er með í og/eða utan kauphallar, þ.m.t. hlutabréf og hlutir, skírt-eini fyrir verðbréfum, skuldabréf, lán, ábyrgðir, skuldaviðurkenningar og afleiðusamningar.
- Vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem rekja má til eða myndast af eignum.
- Lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, áfangatryggingar eða aðrar slíkar fjárskuldbindingar.
- Ábyrgðir, farmbréf og reikningar.
- Skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum.
- Hvers konar gerningar til að fjármagna útflutning.

Efnahagslegur auður eru hvers kyns eignir, efnislegar jafnt sem óefnislegar, færanlegar eða ófæranlegar, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu.

Eignarhald eða yfirráð

Ef nafn aðila er skráð á lista yfir þvingunaraðgerðir sem kveða á um frystingu ber að frysta fjármuni og efnahagslegan auð sem er í eigu viðkomandi aðila. Frysting fjármuna og efnahagslegs auðs tekur einnig til fjármuna og efnahagslegs auðs sem er í eigu aðila sem er í eigu eða undir yfirráðum annars aðila sem er skráður á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Með öðrum orðum skal frysting m.a. taka til fjármuna og efnahagslegs auðs sem fullnægir einu af eftirfarandi skilyrðum:

- fjármunir og efnahagslegur auður tilheyrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila sem er á lista yfir þvingunaraðgerðir,
- *hluti* fjármuna og efnahagslegs auðs tilheyrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila sem er á lista yfir þvingunaraðgerðir, en í því tilviki tekur frysting til viðkomandi fjármuna og efnahagslegs auðs í heild sinni,
- fjármunir og efnahagslegur auður, *með óbeinum hætti*, tilheyrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila sem er á lista yfir þvingunaraðgerðir, t.d. með þeim hætti að:
 - fjármunir og efnahagslegur auður er í eigu lögaðila þar sem aðili á lista yfir þvingunaraðgerðir á *a.m.k. meirihluta hlutafjár* eða *ræður a.m.k. meirihluta atkvæða*,
 - fjármunir og efnahagslegur auður er í eigu lögaðila þar sem aðili á lista yfir þvingunaraðgerðir er *framkvæmdastjóri* eða *stjórnarmaður*,
 - fjármunir og efnahagslegur auður er í eigu lögaðila þar sem aðili á lista yfir



Undanþága frá frystingu

Samkvæmt ákvæðum laga um frystingu fjármuna er hægt að sækja um undanþágu frá frystingu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Beiðni um slíka undanþágu skal beina til utanríkisráðuneytisins.

FJÁRMUNIR OG EFNAHAGSLEGUR AUÐUR

Þvingunaraðgerðir hefur önnur yfirráð yfir lögaðilanum en getið er um að ofan, t.a.m. með þeim hætti að hann hefur rétt til að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar lögaðilans, hann hefur gert samninga við aðra, s.s. aðra hluthafa og/eða lögaðilann sjálfan, um að hann fari, einn eða með hluthöfum, með a.m.k. meirihluta atkvæðisréttar í lögaðilanum, eða samþykktir lögaðilans kveða á um að hann hafi slíkan rétt.

- fjármunir og efnahagslegur auður sem *stafar frá* eða *verður til vegna* þeirra fjármuna sem fjallað er um að ofan, eða
- fjármunir og efnahagslegur auður eru í eigu aðila sem *kemur fram fyrir hönd* annars aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Eigi skráður aðili meira en 50% í lögaðila ber að frysta eignir viðkomandi lögaðila sbr. leiðbeiningar ESB:

<http://data.consilium.europa.eu/doc/document/ST-10254-2015-INIT/en/pdf>

Undanþága og leyfi

Samkvæmt 5. gr. laga um frystingu fjármuna getur ráðherra við sérstakar aðstæður veitt undanþágu frá frystingu. Til þess að undanþága sé veitt þurfa öll viðeigandi skilyrði að vera uppfyllt. Undanþága frá frystingu nær eingöngu til þeirra fjármuna sem nauðsynlegir eru

til að uppfylla þarfir eða skyldur viðkomandi og felur því ekki í sér afléttingu frystingar eða óheft aðgengi.

Beiðni um undanþágu skal beint til utanríkisráðuneytisins á netfangið: postur@utn.stjr.is með efnisgreininna „Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir – undanþágur“.

Uppfylli beiðni skilyrði undanþágu og samþykki viðeigandi nefndar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna liggur fyrir þar sem við á, gefur ráðherra út leyfi til handa skráðum aðila til að fá aðgang að nauðsynlegum fjármunum.

Ef niðurstaða ráðherra er sú að beiðni uppfylli ekki nauðsynleg skilyrði er henni hafnað og umsækjanda tilkynnt niðurstaðan.

Önnur lögsagnarumdæmi

Undanþágur og leyfi sem ráðherra veitir gilda einvörðungu í íslenskri lögsögu. Ef þvingunaraðgerð fellur undir lögsögu annarra ríkja þarf mögulega að sækja um undanþágu í þeim ríkjum. Þetta á sérstaklega við ef greiðsla fer í gegnum fleiri en eitt lögsagnarumdæmi.

Lista yfir bær stjórnvöld sem bera ábyrgð á þvingunaraðgerðum í ríkjum Evrópusambandsins má finna í viðauka II við reglugerð EB 2015/1755:

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/GA/TXT/?uri=CELEX:32015R1755>



Stýrihópur dómsmálaráðherra

Dómsmálaráðherra skipar stýrihóp um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Í honum eiga sæti fulltrúar helstu aðila sem eiga aðkomu að málaflokknum. Stýrihópurinn annast um samhæfingu og samvinnu stjórnvalda vegna þeirra verkefna sem um ræðir og sér um útgáfu fræðsluefnis.

EFTIRLIT OG VIÐURLÖG

Aflétting frystingar

Hafi fjármunir ekki verið gerðir upptækir á grundvelli ákvæða almennra hegningarlaga skal aflétta frystingu þegar aðilar eru afskráðir af lista yfir þvingunaraðgerðir sbr. 6. gr. laga um frystingu fjármuna og tilkynningu ráðherra þar um sbr. b-lið 1. mgr. 15. gr. laganna.

Gereyðingarvopn

Þvingunaraðgerðir sem beinast gegn fjármögnun og útbreiðslu gereyðingarvopna lúta sömu reglum og aðrar þvingunaraðgerðir hvað varðar innleiðingu þeirra í íslenskan rétt og skyldu aðila til að fylgja þeim. Sérstakt yfirlit er á vefsíðu utanríkisráðuneytisins um þvingunaraðgerðir sem lúta að gereyðingarvopnum.

Eftirlit

Fjármálaeftirlitið og ríkisskattstjóri hafa eftirlit með því að tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, fari að ákvæðum 4. og 7. gr. laga um frystingu. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með aðilum sem falla undir a-k lið 2. gr. fyrrnefndra laga og ríkisskattstjóri hefur eftirlit með þeim aðilum sem falla undir l-s lið 2. gr. sömu laga.

Í samræmi við 16. gr. laga um frystingu hafa eftirlitsaðilar heimild til að kalla eftir þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja nauðsynleg. Skiptir þá ekki máli hvort upplýsingarnar eða gögnin varði þann aðila sem beiðninni er beint

til eða annan aðila, ef sá aðili sem beiðninni er beint til, getur veitt upplýsingar og aðgang að gögnum. Þá geta eftirlitsaðilar jafnframt farið í vettvangskannanir til að tryggja fylgni við ákvæði laganna.

Samvinna og samhæfing

Samhæfing og samvinna stjórnvalda vegna verkefna sem falla undir lög um frystingu fjármuna fer fram í stýrihópi sem skipaður er í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Viðurlög og þvingunarræði

Brot á þvingunaraðgerðum eru litin alvarlegum augum og geta varðað refsingum í formi stjórnvaldssekta skv. lögum um frystingu fjármuna og allt að 6 ára fangelsi skv. lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Þá hafa eftirlitsaðilar heimildir til að leggja dagsektir á tilkynningarskylda aðila til að knýja fram úrbætur, gögn eða upplýsingar skv. lögum um frystingu fjármuna.

STÝRIHÓPUR OG ÚTGÁFA

Kynningarefni

Allt kynningarefni sem stýrihópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út er aðgengilegt á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins.



UNDANÞÁGA OG LEYFI

| Ástæða undanþágu | Skilyrði fyrir undanþágu |
|--|--|
| Grunnþarfir | Fjármunir eru nauðsynlegir til að uppfylla grunnþarfir viðkomandi einstaklings og aðstandenda á framfæri hans, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu íbúðarhúsnæðis eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda. |
| Óvenjuleg útgjöld | Fjármunir eru nauðsynlegir vegna óvenjulegra útgjalda. Skilyrði fyrir undanþágu er að kostnaðurinn sé óvæntur, þ.e. hvorki fyrir séður né reglubundinn og greiðsluskylda hvíli á skráðum aðila. Undanþága á þessum forsendum verður ekki veitt ef aðrar forsendur eiga við eða þar sem ljóst er að verið er að reyna að sniðganga frýstingu. |
| Samningsskuldbindingar | Fjármunir eru nauðsynlegir til að greiða samningsskuldbindingar sem stofnuðust áður en skylda til frýstingar stofnaðist. Til þess að undanþága verði veitt verða eftirfarandi viðbótarskilyrði að vera uppfyllt: <ul style="list-style-type: none"> • umræddar samningsskuldbindingar mega ekki tengjast fjárhagsaðstoð, hlutum, tæknilegri aðstoð eða þjónustu samkvæmt skilgreiningum þessara laga sem eru óheimilir samkvæmt reglugerðum settum á grundvelli þessara laga, og • greiðslan, má hvorki með beinum né óbeinum hætti, berast til aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir. |
| Sérfræðikostnaður | Fjármunir sem eru eingöngu ætlaðir til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu á kostnaði vegna lögfræðiþjónustu. |
| Kostnaður vegna umsýslu frystra fjármuna og auðs | Fjármunir sem eru eingöngu ætlaðir til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs. Utan þessa falla endurfjárfestingar eða annars konar breytingar. |



HLUTVERK HESTU STJÓRNVALDA

| Stjórnvald | Hlutverk |
|--|--|
| Utanríkisráðuneytið | <ul style="list-style-type: none"> Fer með framkvæmd og innleiðingu alþjóðlegra þvingunaraðgerða á grundvelli laga nr. 93/2008. Tilnefnir eða eftir atvikum skráir aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir sbr. lög um frystingu fjármuna nr. 64/2019. Heldur skrá yfir fjármuni og efnahagslegan auð sem hefur verið frystur. Veitir undanþágu frá frystingu fjármuna. Tekur á móti tilkynningum um frystingu fjármuna. Veitir leiðbeiningar og fræðslu um málaflokkinn. |
| Fjármálaeftirlitið og ríkisskattstjóri | <ul style="list-style-type: none"> Hafa eftirlit með tilkynningaskyldum aðilum samkvæmt lögum um frystingu fjármuna. Senda og taka á móti tilkynningum sem varða málaflokkinn. Veita leiðbeiningar og fræðslu um málaflokkinn. |
| Ríkislögrelustjóri | <ul style="list-style-type: none"> Sinnir rannsóknnum vegna tilnefninga á lista yfir þvingunaraðgerðir og sendir ráðherra rökstudda tillögu um tilnefningu á lista yfir þvingunaraðgerðir skv. lögum um frystingu fjármuna. Rannsaka mál er lúta að mögulegri fjármögnun hryðjuverka. |
| Stýrihópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka | <ul style="list-style-type: none"> Sér um samhæfingu stjórnvalda vegna málaflokksins. |

DÆMI UM TILKYNNINGAR TIL STJÓRNVALDA

| Tilfni tilkynningar | Hvað ber þér að gera |
|---|--|
| Viðskiptamaður þinn er skráður á lista yfir þvingunaraðgerðir | Þér ber að frysta fjármuni og efnahagslegan auð viðkomandi án tafar og senda tilkynningu til utanríkisráðuneytisins og viðeigandi eftirlitsaðila. Þér ber jafnframt að veita þeim allar upplýsingar sem þú býrð yfir vegna viðkomandi viðskiptamanns. |
| Brot á lögum | <p>Þér ber að tilkynna þegar í stað til eftirlitsaðila verðir þú var við brot á lögum sem varða alþjóðlegar þvingunaraðgerðir t.d.:</p> <ul style="list-style-type: none"> Ef frystir fjármunir eða efnahagslegur auður hefur verið gerður aðgengilegur aðila sem skráður er á lista yfir þvingunaraðgerðir og ekki er til staðar leyfi eða undanþága. Um háttsemi sem miðar að því að sniðganga frystingu fjármuna. |

